

1866.

26. febrúar.

sem komið hefir út frá dómsmálastjórninni 5. f. m., til þess að þér gjörð ráðstafanir þær, sem með þarf.

Síðasta alþingi hefir í þegnlegu álitsskjali sínu um frumvarp það, sem fyrir það var lagt til tilskipunar þessarar, meðal annars beðið um :

1. að stjórnin hlutist til um, að næg fjárlækningameðöl, einkum hin valzisku baðmeðöl, fáið í lyfjabúðum með niðursettu verði og á verzlunarstöðum landsins; og
2. að gjörðar séu þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar virðast til að efla dýralæknislega þekkingu á Íslandi, einkum með því að fjölga innlendum dýralæknum svo, að minnsta kosti verði einn í hverju amti, og með því að veita efnilegum ungum mönnum fjárstyrk til að nema dýralækningafræði erlendis og ferðastyrk til að kynna sér fjárræktaraðferðina í þeim löndum, þar sem fjárræktin getur orðið Íslendingum til fyrirmyndar.

Útaf þessu eruð þér beðnir, að því er snertir hið fyrri niðurlagsatriðið, að sjá svo um, eptir því sem þér frekast getið, að beiðni alþingis verði fullnægt, og að því er síðara niðurlagsatriðið snertir, að gjöra ráðstafanir til þess, að einn eða fleiri ungir Íslendingar verði sendir hingað til bæjarins á kostnað jafnaðarsjóðsins, undir eins og því verður komið við, til þess að fá hér tilsögn í dýralæknisfræði við dýralækningaskólann, á þann hátt og með þeim kjörum, sem vikið er á í bréfi dómsmálastjórnarinnar 23. janúarmán. 1858.

27. febrúar. 25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna yfir vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu, um breyting á 8. grein í fátækrareglugjörðinni 8. janúarmán. 1834 um kostnað við skylduflutning ómaga.

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir skýrt frá í bréfi til stjórnarráðsins, að konungsfulltrúi á síðasta alþingi hafi samkvæmt

ályktun þingsins afhent stiptamtinu bænarskrá¹, er þinginu hafði 1866.
borizt úr Eyjafjarðarsýslu, þess efnis, að kostnaði þeim, sem 27. febrúar.
eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834 8. grein um skylduflutninga
hvílir á hverri sveit, verði eptirleidis jafnað niður af hlutaðeigandi
sýslumönnum eptir skýrslum hreppstjóranna á alla hreppa
sýslanna eptir efnum og ástandi, og hafi konungsfulltrúi beiðzt
þess, að málefni þetta væri borið upp fyrir stjórninni og úrskurður
hennar fenginn um það. Um þetta hefir stiptamtmaður sagt, að
það sé vafalaust, að fátækrareglugjörðin veiti ekki neina heimild
til, að flutningskostnaði þeim, er hér ræðir um, sé jafnað niður
á þann hátt, sem stungið er uppá í bænarskránni, en að hinsvegar
virðist vera ástæða til að breyta lagaákvörðuninni um þetta, því
að eins og landslagi er háttað á Íslandi komi kostnaðurinn við
ómagaflutninga mjög misjafnt niður á sveitir þær, sem að á að
flytja ómagann yfir. Að vísu mundi kostnaður þessi koma jafnar
niður í hverri sýslu, ef með hann væri farið eins og stungið er
uppá í bænarskránni, en aptur á móti kæmi hann að stiptamt-
mannsins hyggju allt eins ójafnt niður á sýslurnar eptir sem
áður, og auk þess er athugavert, að eptir því sem lögin skipa
fyrir um framsfærslu fátækra, kemur hún (en í henni er ómaga-
flutningur einnig fólgin) ekki sýslunum við sem sýslum, heldur
einasta hreppnum. Stiptamtmaðurinn hefir því stungið uppá
sem hagfelldari breytingu á ákvörðun fátækrareglugjörðarinnar,
að öllum kostnaðinum við flutning ómaga úr þeim hrepp, þar
sem hann hefir átt heima, og í hreppinn, þar sem hann á sveit,
sé skipt í 3 jafna parta milli þessara hreppa og hreppsins, sem
ómaginn hefir verið fluttur yfir, þannig að hinn síðastnefndi
hreppurinn annist flutninginn innan sinna takmarka, en fái
þriðjung flutningskostnaðarins borgaðan af hreppnum, sem ómag-
inn er fluttur burt úr, og þriðjung af hreppnum, þar sem hann
er sveitlægur. Auk þessa ætti að stiptamtmannsins hyggju að
ákveða, hversu mikill flutningskostnaður sá, sem hinir hrepparnir
ættu að endurgjalda á þenna hátt, mætti verða mestur, bæði
sjálft flutningskaupið eptir vegalengd í dagleiðum, og eins

¹) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865, II, 213. bls.

1866.

27. febrúar.

borgunin fyrir að fæða ómagan eptir dagafjölda, að svo miklu leyti sem það ekki er hreppnum sjálfum að kenna, að ómaginn hefir verið þar lengur en vera þurfti, því að stiptamtmaður álitur, að ef að kostnaðurinn við ómagaflutning væri goldinn á þenna hátt, mundi honum verða hagað með sem mestum sparnaði og hentasti tími árs notaður, þar sem alla, sem eiga að ákveða, hvenær flutningurinn eigi að byrja og halda áfram, varðar það jafnmiklu og framfærsluhreppinn.

En áður en lengra er farið úti þetta mál, eruð þér, herra amtmaður, beðnir að segja álit yðar um báðar uppástungur þessar, og er yður sent eptirrit af bænarskránni, sem rædt hefir verið um hér að framan.

27. febrúar.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun vaxta af ríkisskulda-skýrteinum (Kreditbeviser).

Eins og sjá má af bréfi fjárstjórnarinnar, er í eptirriti fylgir með bréfi þessu, hefir fjárstjórnin stungið uppá, að vextir af ríkisskulda-skýrteinum þeim með rentuseðlum, er hún hefir gefið út samkvæmt auglýsing sinni 30. septembermán. 1864, verði borgaðir úr jarðabókarsjóðnum á Íslandi, án þess þeim sé sèrstaklega ávísað í hvert skipti, og hefir fjárstjórnin beiðzt aðstoðar dómsmálastjórnarinnar til þessa.

Með því nú dómsmálastjórninni ekki virðist vera neitt til fyrirstöðu ráðstöfnunum þeim, sem fjárstjórnin hefir stungið uppá, skal hère með skorað á yður, herra stiptamtmaður, að birta landfógetanum efni bréfs þess, sem að ofan er getið um, og skipa fyrir um útborgunina svo sem með þarf, og að öðru leyti gæta þess, að farið sé eptir sömu reglum um þessa rentuseðla, og settar eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar 12. desembermán. 1861 um innlausn rentuseðlanna við hin nýju ríkisskuldabréf, er ávallt hljóða uppá þann, sem hefir þau í höndum.